



Nýtt búvörumerfi – Afnáms framleiðslustýringar og beingreiðslu

Saga umframframleiðslu og svo greiðslumarks

Nú fara fram viðræður um nýjan búvörusamning þar sem gert er ráð fyrir róttækum breytingum.

Á áttunda og níunda áratug síðustu aldar birtust reglulega fréttir í fjölmiðlum um mikla umframframleiðslu landbúnaðarafurða, þar með talið smjörfjallið svokallaða. Framleiðsla sumra landbúnaðarafurða var langt umfram innlenda eftirspurn og bændur höfðu hag af því að framleiða sem mest þrátt fyrir að neytendur tækju ekki við. Framleiðslan náði hámarki rétt fyrir 1980 og upp úr því var farið að huga meira að kvótasetningu og framleiðslustýringu.


Síðan hefur verið í gangi tvöfalt verðkerfi þar sem styrkir til framleiðenda fara fyrst og fremst eftir framleiðslu miðað við ákveðið greiðslumark sem er sett árlega. Í mjólkurframleiðslu hefur greiðslumarkið þannig ákvarðað þann heildarfjölda lítra sem styrkir miðast við. Öll framleiðsla umfram hið fyrirfram ákveðna greiðslumark naut lengst af hvorki beingreiðslna né fulls verðs frá afurðarstöðvum og myndaði þar með seinni hlutann á tvöfalda verðkerfinu. Vegna mikillar aukningar á eftirspurn á síðustu árum var ákveðið að breyta þessu og síðan hefur fengist fullt verð frá afurðarstöðvum fyrir alla framleiðslu, þar með talið framleiðslu umfram greiðslumark. Núverandi samningur gildir til 31. desember 2016 og hefur endurskoðun hans verið í gangi.

Gjörbylting á núverandi framleiðsluferfi

Segja má að hugmyndir um breyttan búvörusamning taki m.a. mið af ofangreindum aðstæðum í mjólkurframleiðslu. Þannig er gert ráð fyrir að greiðslumarkið, sem hefur verið grundvöllur kvótakerfis í greininni, leggist af á 10 ára samningstíma.


Gert er ráð fyrir að stuðningur ríkisins færist úr beingreiðslum sem tengjast greiðslumarki yfir í greiðslur út á framleiðslu afurða og fjölda gripa og að sú breyting gerist á nokkrum árum. Til að byrja

Hlutfall landbúnaðarafurða af mat- og drykkjarvörum í VNV



Heimild: Hagstofa Íslands

Mjólkurframleiðsla og sala



Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði



með myndu beingreiðslur minnka hægt og svo í stærri skrefum þegar líður á samningstímann. Afurða- og gripagreiðslur aukast á móti og gert er ráð fyrir að gripagreiðslurnar tvöfaldist á fyrsta ári.

Við endurskoðun samningsins hefur verið unnið innan þess ramma að gert er ráð fyrir að opinber stuðningur verði að minnsta kosti sá sami og kom fram í fjárlagafrumvarpi ársins 2016.

Rætt hefur verið um að opinberri verðlagningu eins og hún er nú verði hætt og þess í stað komi bændur og framleiðsluáætlunin sér saman um lágmarksverð og önnur tengd atriði.

Tillögur sem taka mið af aðstæðum

Af fréttum að dæma eru skiptar skoðanir um þessar breytingar meðal bænda. Málið virðist samt í jákvæðum farvegi, t.d. var samningsdrögunum ekki hafnað á aukaaðalfundi Lands sambands sauðfjábænda í lok nóvember. Mestar áhyggjur snúa að því að breytingarnar myndu hvetja til mikillar framleiðsluaukningar, bæði á sauðfjár- og mjólkurafurðum. Sagan sýni að verðfall á afurðum sé óumflýjanlegt ef offramleiðsla færi af stað. Margir telja einhverja framleiðslustýringu nauðsynlega en um leið er það almenn skoðun að núverandi kvótakerfi hefði fleiri galla en kosti.


Skerðing tekna kæmi misjafnlega niður

Á sínum tíma var kvótinn eða greiðslumarkið sett á til þess að stýra framleiðslumagninu og koma í veg fyrir offramleiðslu og þar með lág verð. Nú verður framsal á greiðslumarki í mjólkurframleiðslu bannað frá ársbyrjun 2017 og 2021 í sauðfjárrækt. Afnáam greiðslumarksins mun væntanlega koma harðast niður á þeim bændum sem hafa unnið mest að því að koma sér upp beingreiðslurétti með því að kaupa kvóta. Þeir bændur sem upp á síðkastið hafa framleitt mikið án þess að hafa til þess kvóta munu væntanlega fá jafn miklar greiðslur í nýju kerfi og þeir sem hafa keypt mikinn kvóta.

Tíminn er skammur


Upphaflega var markmiðið að ljúka við gerð nýs búvörusamnings fyrir áramót. Drögin hafa verið kynnt meðal bænda og nú á eftir að vinna úr hugmyndum og athugasemdum sem hafa komið fram. Tíminn til þess að ljúka samningsgerðinni er því óðum að stytast.

Innvegin mjólk eftir mánuðum



Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Greiðslur ríkissjóðs vegna landbúnaðarframleiðslu



Heimild: Ríkisreikningur, Hagfræðideild



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.